



Fréttabréf Heiðarskóla

Apríl 2014


Ábm. Bryndís Jóna Magnúsdóttir



Árshátíð Heiðarskóla

Árshátíð Heiðarskóla var haldin þriðjudaginn 1. apríl. Hátíðin var að venju þrískipt þar sem 1.-3. bekkur hélt sína hátíð fyrst um morguninn, þá 4.-7. bekkur og eftir hádegi var hátíð unginganna. Atriðin sem sýnd voru í 1.-7. bekk voru fjölbreytt og skemmtileg. Allir nemendur þessara bekkjadeilda höfðu einhver hlutverk í sínum atriðum og langflestir komu þeir fram á sviðinu. Nemendur léku, sungu, dönsuðu og fóru með kvæði og áberandi var hversu vel þeir höfðu æft atriðin sín. Um 40 hæfileikaríkir nemendur í 8.-10. bekk komu að sýningu unglíngaleikrítisins sem í ár var í umsjón Guðnýjar Kristjánsdóttur, Heiðrúnar Bjarkar Sigmarsdóttur og Maríu Óladóttur. Leikritið bar titilinn Keflavík í poppskurn og var þetta í annað sinn sem það er sýnt í Heiðarskóla. Tókst það ljómandi vel og voru jafnframt hafðar tvær almennar sýningar sem báðar voru vel sóttar.

Nemendur og kennarar eiga gott hrós skilið fyrir alla þá vinnu sem þeir hafa lagt í árshátíðaratriðin. Öllum, sem á einn eða annan hátt koma að skipulagi og skemmtun fyrir og á hátíðardaginn, er jafnframt þakkað fyrir frábær störf.





Viðburðir á vorönn

Eins og ávallt hefur nóg verið um að vera í Heiðarskóla það sem af er vorönn. Nám og kennsla hefur haft sinn gang og ýmsir viðburðir og uppbrot á hefðbundnu skólastarfi hefur átt sér stað. Má nefna Dag stærðfræðinnar, vel heppnaða íþróttaviku, öskudagsskemmtun, Upplestrarhátíðina í 4. bekk og heimsóknir Þorgríms Þránínssonar til 10. bekkjar og nemenda á miðstigi. Hér eru stuttar greinar og myndir af þessum viðburðum. Athygli er vakin á myndasafninu á heimasíðu skólans en þar er fjöldinn allur af myndum sem teknar hafa verið við ýmis tækifæri.

Íþróttavika



Dagana 17.- 20. febrúar voru íþróttadagar í Heiðarskóla. Nemendur af öllum skólastigum skemmtu sér t.d. í brennó, gryfjubolta, survivor og fleiri skemmtilegum leikjum. Nemendur í 10. bekk kepptu svo á móti sprækum kennurum, piltarnir í fótbolta og stúlkurnar í stórubolta.



Dagur stærðfræðinnar

7. febrúar var Dagur stærðfræðinnar og voru að því tilefna skipulagðar stærðfræðihringekjur, farið í stærðfræðiratlæki og fjármálaverkefni voru unnin á unglingastigi, svo fátt eitt sé nefnt.



Öskudagur

Á öskudaginn var kennsla brotin upp með ýmsum hætti í skólastofum og fengu stórar sem smáar furðuverur að spranga um skólann, fara í gegnum hið ógurlega draugahús og dansa í íþróttasalnum.



Fyrirlestrar Þorgríms Þránínssonar

Þorgrímur Þránínsson heimsótti Heiðarskóla tvisvar sinnum í febrúar. Hann fór með fyrirlesturinn „Láttu drauminn rætast“ fyrir nemendur í 10. bekk og ræddi við nemendur á miðstigi um árangur, framtíðardrauma og hamingju. Nemendur tóku ákaflega vel á móti Þorgrími og hlustuðu á fyrirlestra hans af athygli.



Upplestrarhátíð 4. bekkjar

26. febrúar var Upplestrarhátíð 4. bekkjar haldin á sal skólans þar sem nemendur í 4. bekk lásu sögu og vel valin ljóð auk þess sem þau sungu *Þorraprælinn* og *Á íslensku má alltaf finna svar*. Eins og venja er var foreldrum boðið að koma og taka þátt í hátíðarhöldunum. Nemendur stóðu sig ákaflega vel enda höfðu þeir lagt mikið á sig við að undirbúa sig fyrir hátíðina.



Skólahreysti – undankeppni



Lið Heiðarskóla keppti í 6. riðli í undanúrslitum Skólahreysti þann 27. mars. Þau Andri Már Ingvarsson, Arnór Elí Guðjónsson, Katla Rún Garðarsdóttir og Elma Rósný Arnarsdóttir skipuðu liðið og gerðu þau sér lítið fyrir sigruðu riðilinn með 91 stigi. Fjölmargir nemendur á unglíngastigi hvöttu sitt fólk til dáða og voru að vonum stoltir að keppni lokinni. Helena Jónsdóttir er þjálfari liðsins og hefur þegar hafið undirbúning fyrir lokakeppnina sem haldin verður 16. maí í Laugardalshöllinni. Við óskum Helenu og Skólahreystiliðinu okkar til hamingju með árangurinn!

Stóra upplestrarkeppnin

Þann 6. mars var skólakeppni Heiðarskóla í upplestri haldin á sal skólans. Þar voru þau Arnar Geir Halldórsson og Svava Rún Sigurðardóttir valin úr hópi 6 nemenda í 7.HS til að vera fulltrúar skólans í Stóru upplestrarkeppninni sem fram fór 13. mars í Duus húsum. Aðrir keppendur voru þau Aron Smári Ólafsson, Elín Rós Bjarnadóttir, Elísabet D. Vilhjálmssdóttir og Nói Sigurðarson. Öll stóðu þau sig með stakri þryði. Alla nemendur 7.HS höfðu þær Heiðrún Björk, umsjónarkennari og Kristín Gunnarsdóttir þjáfað vel vikurnar áður. Sú reynsla mun vafalaust nýtast þeim vel.

Á lokahátíðinni í Duus húsum stóðu þau Arnar Geir og Svava Rún sig með glæsibrag, rétt eins og aðrir keppendur. Varð Svava Rún í þriðja sæti á eftir Jóhönnu Lilju úr Njarðvíkurskóla og Kristjáni Jóni úr Akurskóla.



Heiðarskólasigur í Gettu enn betur



Gettu enn betur, spurningakeppni grunnskólanna í Reykjanesbæ, var haldin mánudagskvöldið 3. febrúar í Myllubakkaskóla. Lið Heiðarskóla tók þátt og var liðið skipað þeim Fannari Gíslasyni, Þorbergi Jónssyni og Brynjari Steini Haraldssyni sem jafnframt var fyrirlíði. Ásamt Heiðarskóla sendu Akurskóli, Holtaskóli, Myllubakkaskóli og Njarðvíkurskóli lið til keppinnar. Eftir skemmtilega keppni og jafna úrslitaviðreisn stóð Heiðarskóli uppi sem sigurvegari í Gettu enn betur 2014. Stóðu liðsmenn sig með glæsibrag og eru vel að sigrinum komnir.

Steinunn ráðin deildarstjóri

Steinunn Snorradóttir hefur verið ráðin í stöðu deildarstjóra yngra stigs. Steinunn, betur þekkt sem Denna, hóf störf við Heiðarskóla árið 2007 og hefur síðan þá starfað sem námsráðgjafi. Þetta skólaárið hefur hún sinnt námsráðgjöf ásamt því að leysa af sem deildarstjóri yngra stigs en mun frá og með upphafi næsta skólaárs sinna því starfi eingöngu. Staða námsráðgjafa verður auglýst innan skamms. Við óskum henni til hamingju með ráðninguna!



Kisur sem kæta!

Nemendur í 4. bekk hafa skapað litríkar kisur í öllum stærðum og gerðum í myndlist. Flestar þeirra þryða salinn okkar en nokkrar má finna í gluggunum í rauða gangi.



8. bekkur fær spjaldtölvur

Fimmtudaginn 27. mars fengu allir nemendur í 8. bekk afhendar i-pad mini spjaldtölvur til afnota í námi. Haraldur Axel, aðstoðarskólastjóri, hélt fund um morguninn með nemendum og foreldrum þeirra þar sem farið var yfir notkunarskilmálana og voru lánsamningar við skólann undirritaðir. Tímanum fram að vori verður varið í aðlögun en áætlað er að spjaldtölvurnar verði notaðar af fullum krafti þegar nemendur hefja 9. bekk næsta haust. Er þetta annar árgangurinn sem fær spjaldtölvur til afnota í námi en fyrir um ári síðan fékk 9. bekkur spjaldtölvur. Þetta hefur verið lærdómsríkt spjaldtölvuár og reynslan af notkun þeirra verið góð.



Spegluð kennsla



Þriðjudaginn 11. mars kynntu stærðfræðikennararnir Íris Ástþórsdóttir, Þóra Guðrún Einarsdóttir og Þórey Garðarsdóttir fyrir hluta af upptökum sínum af innlögnum námsþátta í stærðfræði fyrir stjórnendum, fulltrúum Keilis og fræðslustjóra. Eins og kom fram í desemberblaðinu er verkefnið samstarf Heiðarskóla og Keilis og samkvæmt samningi verða upptöknar gerðar aðgengilega öllum á netinu næsta haust. Námsgagnastofnun hefur tekið að sér að vista efnið á slóðinni www.vendikennsla.is. Þar er nú þegar að finna kennslumyndbönd í íslensku og náttúrufræði. Við í Heiðarskóla erum ákaflega stolt af vinnu þessara kjarnakvenna og óskum þeim innilega til hamingju með afraksturinn.

Skemmtileg skólaverkefni



Það sem af er skólaársins hafa margs konar verkefni verið unnin í skólanum. Myndræn verkefni sem þessi hér vekja ávallt lukku og fanga athygli þeirra sem ganga um skólann. Hér má sjá þemaverkefni um landnám Íslands í 5. bekk, Norðurlandalíkan nemenda í 6. bekk, fiðrildi í saltramma, páskaunga og skrautfugla sem nemendur í 1. bekk gerðu, uppáhaldsdýr krakkanna í 2. bekk og enska snyrtistofuauglýsingu úr 8. bekk.



Gleðilega páska!

